



Kópavogi, 2. febrúar 2021

2101254

Starfsáætlun Vinnuskóla Kópavogs 2021

Í kjarasamningum Kópavogsbæjar við Starfsmannafélag Kópavogs og Starfsmannafélags Kópavogs (SfK) er kveðið á um að fyrir starfsemi Vinnuskóla skuli gera skriflega áætlun þar sem fram komi helstu viðfangsefni, vinnutími og skipulag þjálfunar og fræðslu.

Í starfsáætlunin Vinnuskóla Kópavogs 2021 eru gerðar tillögur um fyrirkomulag þessara mála. Áætlunin byggir á starfseminni eins og hún var 2020 og gerð var tillaga um í fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir 2021.

Vinnutími

Starfstímabil 14 og 16 ára (fædd 2005 og 2007) verði þrískipt og hver umsækjandi geti valið tvö þriggja vikna tímabil. Fyrsta tímabilið er frá 14. júní til 1. júlí, annað tímabilið frá 5. júlí til 21. júlí og það þriðja frá 26. júlí til 12. ágúst. Á hverju tímabili eru 11 vinnudagar, sjá töflu 1.

Starfstímabil 15 ára (fædd 2006) verði fjórskippt og hver umsækjandi geti valið tvö tveggja vikna tímabil. Fyrsta tímabilið er frá 14. júní til 29. júní, annað tímabilið frá 30. júní til 14. júlí, þriðja frá 19. júlí til 30. júlí og það síðasta frá 2. ágúst til 14. ágúst. Á hverju tímabili eru 8,5 vinnudagar, sjá töflu 1.

Starfstímabil 17 ára (fædd 2004) verði þrískipt og hver umsækjandi geti valið tvö fjögurra vikna tímabil. Fyrsta tímabilið er frá 30. maí til 22. júní, annað tímabilið frá 23. júní til 14. júlí og það þriðja frá 19. júlí til 14. ágúst. Á hverju tímabili eru 13 vinnudagar, sjá töflu 1.

	23. - 28. maí	30. maí - 4. júní	7. - 11. júní	14. - 18. júní	21. - 25. júní	28. júní - 2. júlí	5. - 9. júlí	12. - 16. júlí	19. - 23. júlí	26. - 30. júlí	2. - 6. ágúst	9. - 13. ágúst	16. - 20. ágúst
17 ára (fædd 2004)		4	4	3	2	2	4	4	3	4	4	3	2
16 ára (fædd 2005)				3	4	4	4	4	3	4	3	4	
15 ára (fædd 2006)				3	4	1,5	1,5	4	3	4	4,5	4	4,5
14 ára (fædd 2007)				3	4	4	4	4	3	4	3	4	

Tafla 1. Starfstímabil, tíma-, vinnustunda- og dagafjöldi 2021, valið um tvö tímabil af þremur, nema 15 ára sem velja tvö tímabil af fjórum.

Umsóknir

Opnað verði fyrir umsóknir þann 1. apríl á heimasíðu Kópavogsbæjar og er umsóknarfrestur til og með 20. maí. Á þessum tíma verður hægt að velja þau tímabil sem henta umsækjendum best. Er þetta sami tími og gefin var á síðasta ári og tókst skráning mjög vel.

Gert er ráð fyrir að eins og áður verði tekið við umsóknum eftir auglýstan umsóknarfrest en þá er ekki hægt að ganga út frá því að fá þau tímabil sem valin eru.

Fræðsluáætlun

Fræðsluáætlun fyrir starfsfólk er eftirfarandi:

Frá 31. maí til 11. júní verða flokkstjórar Vinnuskólans í fræðslu til að undirbúa starf sitt hjá Vinnuskólanum. Námskeiðin sem flokkstjórar taka eru m.a. skyndihjálp, meðhöndlun verkfæra, leiðtogaferni og fleira.. Einnig eru fundir og önnur erindi flutt þessar vikurnar.

Fræðsluáætlun fyrir nemendur er eftirfarandi:

Í samstarfi við Hitt húsið kemur jafningjafræðslan til með að vera með fræðslu um allt sem viðkemur því að vera unglingur í dag.

Skógræktarfélag Kópavogs veitir nemendum á aldrinum 16 til 17 ára fræðslu um skógrækt í landi Kópavogs. Síðar fara þessir sömu hópa á skógræktarsvæði og aðstoða við landgræðslu. Auk þess sem 15 ára nemendur fara á skógræktarsvæði í landgræðslu.

Umhverfisfulltrúi mun sjá um fræðslu er varðar umhverfismál. Einnig er fyrirhugað að halda því starfi áfram sem hófst í fyrra í samstarfi við Vinnuskólann í Reykjavík. Þar var farið á umhverfisþing ásamt nemendum þaðan og heppnaðist það mjög vel.

Alþýðusamband Íslands kemur og ræðir við alla nemendur á 15 og 16 ári um hlutverk þeirra, réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Var þessi fræðsla keyrð í fyrsta skiptið árið 2017 og tókst mjög vel til með hana.

Vinnuskólinn mun eins og undanfarin árin vinna að fræðslu er varðar umhverfismál á fyrsta starfsdegi sínum. Að þessu sinni munu nemendur fá fræðslu um notkun plasts og áhrif þess á umhverfið.

Síðasta sumar jók vinnuskólinn enn við fræðslu sína. Var fræðslu um markmið og gott lífverni bætt við í þegar ráðin var starfsmaður til að halda slíka fyrirlestra. Við komum aftur til með að vera með þess konar fræðslu í sumar.

Undanfarin ár hafa Sniglarnir (Bifhjólasamtök) komið í heimsókn í Vinnuskólann og voru með fræðslu er varðar notkun á létt bifhjólum. Fyrirhugað er að fá slíka fræðslu aftur sumarið 2021.

14 ára (fædd 2007) – nánari vinnutilhögun

Unnið verður 3,25 tíma á dag, yfirleitt 4 daga vikunnar (13 tímar á viku), allt að 71,5 vinnustund alls. Daglegur vinnutími verður 8:15 – 11:30 aðra vikuna og 12:30 – 15:45 hina vikuna.

Helstu viðfangsefni

Hirðing skólalóða og opinna svæða í viðkomandi skólahverfi. Beða- og ruslahreinsun, sópun, rakstur (þó ekki í gatnaumhverfi) og annað tilfallandi.

Unnið í 10 – 15 manna hópum, skipt eftir hverfum. Hver flokkstjóri hefur umsjón með tveimur hópum, öðrum fyrir hádegi og hinum eftir hádegi.

Fræðsla og afþreying

Gert ráð fyrir tveimur fræðslu- og afþreyingardögum.

Fræðsla um markmið og gott líferni frá Vinnuskólanum.

Fræðsludagur um plast og skaðsemi þess á umhverfið.

Umhverfisfræðsla um skipulag og hagkvæmni breyttra samgangna sem skipulögð er af umhverfisfulltrúa 2 klst.

Á vinnutíma: Önnur umhverfisfræðsla auk fræðslu um vinnu og markmið Vinnuskólans sem er í umsjón starfsmanns Vinnuskólans. Fræðsla um notkun létt bifhjóla.

15 ára (fædd 2006) – nánari vinnutilhögun

Unnið verður 6,5 tíma á dag, yfirleitt 4 daga vikunnar (26 tímar á viku), allt að 110.5 vinnustundir alls. Daglegur vinnutími verður 8:15 – 11:30 og 12:30 – 15:45.

Helstu viðfangsefni

Hirðing skólalóða, opinna svæða og snyrting göngustíga í viðkomandi skólahverfi. Beða- og ruslahreinsun, sópun, rakstur rakstur (þó ekki í gatnaumhverfi) og annað tilfallandi.

Unnið í 10 – 15 manna hópum, skipt eftir hverfum. Hver flokkstjóri hefur umsjón með einum hóp.

Fræðsla og afþreying

Gert ráð fyrir þremur fræðslu- og afþreyingardögum.

Umhverfisfræðsla um skipulag og hagkvæmni breyttra samgangna sem skipulögð er af umhverfisfulltrúa 2 klst.

Fræðsla um markmið og gott líferni frá Vinnuskólanum.

Á vinnutíma: Önnur umhverfisfræðsla auk fræðslu um vinnu og markmið Vinnuskólans sem er í umsjón starfsmanns Vinnuskólans. Fræðsla um notkun létt bifhjóla. Einnig er áætlað að vera í samstarfi við sjómannaskóla HA um móttöku nemenda sem það vilja.

16 ára (fædd 2005) – nánari vinnutilhögun

Unnið verður 6,5 tíma á dag, yfirleitt 4 daga vikunnar (26 tímar á viku), allt að 143 vinnustundir alls. Daglegur vinnutími verður 8:15 – 11:30 og 12:30 – 15:45. Matartími telst utan vinnutíma og gert ráð fyrir að starfsmenn fari heim í mat.

Helstu viðfangsefni

Hirðing opinna svæða og snyrting göngustíga. Beða- og ruslahreinsun, sópun, rakstur og annað tilfallandi. Aðstoð við félög og stofnanir.

Unnið í 8 – 12 manna hópum, skipt eftir hverfum. Einn flokkstjóri hefur umsjón með hverjum hóp.

Fræðsla og afþreying

Gert ráð fyrir fjórum fræðslu- og afþreyingardögum,

Fræðsla um markmið og gott líferni frá Vinnuskólanum

Farið í skógræktarferð í samvinnu við Skógræktarfélag Kópavogs. Fræðsla frá stéttarfélagi um réttindi og skyldur fólks á vinnumarkaðinn.

Umhverfisfræðsla um skipulag og hagkvæmni breyttra samgangna sem skipulögð er af umhverfisfulltrúa.

Á vinnutíma: Önnur umhverfisfræðsla auk fræðslu um vinnu og markmið Vinnuskólans sem er í umsjón starfsmanns Vinnuskólans. Fræðsla um notkun létt bifhjóla.

17 ára (fædd 2004) – nánari vinnutilhögun

Unnið verður 6,5 tíma á dag, 4 daga vikunnar (26 tímar á viku), allt að 203,5 vinnustundir alls. Daglegur vinnutími verði 8:15 – 11:30 og 12:30 – 15:45. Unnið verður einn föstudag á hverju tímabili og þá verður vinnutími 8:15 – 12:30. Matartími telst utan vinnutíma og gert ráð fyrir að starfsmenn fari heim í mat.

Helstu viðfangsefni

Garðyrkjustörf, umhirða opinna svæða, leikskólalóða og annarra stofnanalóða Aðstoð við félög og stofnanir. Reynt verður að koma sem flestum ungmennum á þessum aldri að hjá félögum og stofnunum.

Unnið í 8 – 12 manna hópum. Hóparnir hafa bæktistöðvar þar sem hentar hverju sinni eftir því verkefni sem verið er að vinna.

Fræðsla og afþreying

Gert ráð fyrir fjórum fræðslu- og afþreyingardögum.

Umhverfisfræðsla um skipulag og hagkvæmni breyttra samgangna sem skipulögð er af umhverfisfulltrúa

Á vinnutíma: Umhverfisfræðsla og skógræktarferð í samvinnu við Skógræktarfélag Kópavogs, fræðsla frá jafningjafræðslunni og fræðsla frá stéttarfélagi um réttindi og skildum fólk á vinnumarkaði. Fræðsla um notkun létt bifhjóla.

Vinnutími og laun

Laun og vinnutími unglinga er ákveðinn með sama hætti og undanfarin ár og er hlutfall af lægsta taxta í gildandi kjarasamningi Kópavogsbæjar og Eflingar. Um er að ræða laun í samræmi kjarasamninga. Tímar eru þeir sömu fyrir nemendur nema hjá 17 ára nemendum þar sem þeim hefur verið fækkað í sbr. tölu og get var í maí 2020.

	17 ára (fædd 2004)	16 ára (fædd 2005)	15 ára (fædd 2006)	14 ára (fædd 2007)
Vinnudagar	26	22	17	22
Vinnutími á dag	6,5	6,5	6,5	3,25
Vinnutímar alls	169	143	110,5	71,5
Hlutfall af lágmarkslaunum	100%	50%	40%	30%
Launataxti	2.227 kr	1.113 kr	891 kr	668 kr
Tekjumöguleikar	376.291 kr	159.200 kr	98.415 kr	47.760 kr
Tekjumöguleikar + orlof	425.209 kr	175.391 kr	108.423 kr	52.617 kr

Tafla 2. Vinnutími og laun 2021.

Svavar Pétursson, Verkefnastjóri umhverfissviði.